

## 14. gr.

Þegar rætt er um fasteignamatssverð í gjaldskrá þessari er átt við fasteignamat það, er öðlaðist gildi um áramótin 1976—1977.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með skv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja nr. 356 frá 20. nóvember 1974.

*Félagsmálaráðuneytið, 1. febrúar 1978.*

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um holræsi og holræsagjöld í Borgarfjarðarhreppi.

## 1. gr.

Hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps tekur ákvörðun samkvæmt skipulagi um lagningu holræsa, aðalæða og götuæða, um Bakkagerðis kaupún.

Holræsagerð staðarins er sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi.

## 2. gr.

Þar sem holræsi hefur verið lagt í veg, götu eða annað opið svæði, eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun holræsa, er þeim húseigendum, er þar eiga húseignir að eða í námunda við, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsínu er flytji allt skólp frá því út í aðalræsið og haldi við sinni heimæð.

## 3. gr.

Öll framkvæmdastörf, sem holræsi kaupúnsins varðar, svo sem nýlagnir, viðhald og endurbætur skulu unnin af aðila er hreppsnefnd felur þau. Er óheimilt að leggja ræsi í aðalræsið, nema að fengnu leyfi þessa aðila og undir umsjón hans, er mönnum og skylt að hlíta í öllu fyrirmælum hans um gerð og lögn ræsisins og annað þess háttar, er máli skiptir í sambandi við það.

## 4. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að yfirtaka núverandi holræsakerfi einstakra manna samkvæmt samkomulagi við hlutaðeigendur eða samkvæmt mati, ef ágreiningur verður.

## 5. gr.

Eigi er heimilt að láta renna í holræsakerfið sýrur, sterkan lút, olíur, kvika-silfur eða önnur efni, sem valdið geta skemmdum á holræsakerfinu eða torveldað rotnun í rotþróum. Á þeim stöðum, sem slík hætta er fyrir hendi skal koma fyrir síum, gildrum eða öðru, sem hindrar það að þessi efni komist út í holræsakerfið og standi húseigandi straum af kostnaði við þá framkvæmd.

Þá er og óheimilt að leiða regnvatn, yfirborðsvatn eða grunnvatn í holræsakerfið.

Húseigandi er ábyrgur fyrir vanrækslu hér á og hugsanlegu tjóni, sem af slíkri vanrækslu kann að leiða.

**6. gr.**

Kostnaður við holræsagerð kauptúnsins greiðist af holræsagerðinni. Til þess að standa straum af kostnaði skal hver húseigandi greiða holræsagerðinni tengigjald er hann tengir hús sitt við holræsakerfið. Greiða skal í tengigjald kr. 200.00 pr. m<sup>3</sup> íbúðarhúsa og kr. 100.00 pr. m<sup>3</sup> annarra húsa, hvort tveggja miðað við byggingarvísitölu 159. Gjald þetta breytist til hækkunar eða lækkunar í samræmi við breytingar á byggingavísitölu. Tengigjald skal greitt eða um það samið áður en tenging við aðalræsið er leyfð. Þá skal og hver húseigandi, er tengt hefur hús sitt holræsakerfinu greiða árlega til holræsagerðarinnar 0,3% af fasteignamati húss og lóðar, þó aldrei minna en kr. 3 000.00 af húsi eða húshluta sem talið er sér í fasteignamati enda sé skolplögn frá viðkomandi húseign eða húshluta. Gjöld samkvæmt grein þessari er sveitarstjórn heimilt að hækka eða lækka um 50 af hundraði, án þess að samþykki ráðuneytis komi til.

**7. gr.**

Húseigandi ber úbyrgð á greiðslu holræsagjalds. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er það tryggt með lögveði í mannvirkjum næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði. Árlegur gjalddagi holræsagjalds er sá sami og fasteignaskatts.

**8. gr.**

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggí við lögum samkvæmt.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 25. janúar 1978.*

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

**REGLUGERÐ**

**um breytingu á reglugerð fyrir Vatnsveitu Egilsstaðahrepps, Suður-Múlasýslu nr. 402 14. desember 1973.**

**1. gr.**

10. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Árlegur vatnsskattur skal vera sem hér segir:

- a. Af hverri sjálfstæðri íbúð skal greiða kr. 10 000.00 árlega. Sé íbúðin stærri en 450 m<sup>3</sup> greiðist til viðbótar kr. 12 fyrir hvern m<sup>3</sup> umfram þá stærð.
- b. Af öðrum húsum en íbúðarhúsum, sem tengd eru við vatnsveitukerfið skal greiða kr. 12 á hvern rúmmetra í húsi.